

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 198/2022****2022/EES/66/34****frá 10. júní 2022****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1859 frá 6. nóvember 2019 um reglur um beitingu 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 að því er varðar öflun tiltekinna gagna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/96 frá 25. janúar 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1859 um reglur um beitingu 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 að því er varðar öflun tiltekinna gagna ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1859 og (ESB) 2022/96 gilda ekki gagnvart Liechtenstein í krafti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 398/2021 frá 10. desember 2021 ⁽³⁾.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azkaa (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/781) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azkaaa. **32019 R 1859**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1859 frá 6. nóvember 2019 um reglur um beitingu 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 að því er varðar öflun tiltekinna gagna (Stjtið. ESB L 286, 7.11.2019, bls. 10), breytt með:

- **32022 R 0096**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/96 frá 25. janúar 2022 (Stjtið. ESB L 17, 26.1. 2022, bls. 1).“

*2. gr.*Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1859 og (ESB) 2022/96, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 398/2021 frá 10. desember 2021 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 286, 7.11.2019, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 17, 26.1.2022, bls. 1.

⁽³⁾ Verður birt.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.